

Hestamannafélagið Kjóavöllum

6. fundur, haldin 12.10.2012 kl. 11:00 í fundarsal hjá Verkís Ármúla 4 í framhaldi af opnun verðtilboða í reiðhöll að Hestheimum 14-16 á Kjóavöllum.

Mætt til fundarinnis voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Þorvaldur Sigurðsson, Guðmundur Hagalínsson, Ingibjörg G. Geirsdóttir og Halldór H. Halldórsson.

Opnun verðtilboða þar sem viðstaddir voru fulltrúar bjóðenda og Verkís:

| Tilboð: | Einkun. | Tilboðsverð | Hlutf. af lægsta | Stig |
|----------------------|---------|---------------|------------------|------|
| Eykt | 9,6 | 405.152.640,- | 101 | 9,84 |
| ÍAV | 9,8 | 489.571.797,- | 122 | 8,61 |
| JÁVERK | 9,0 | 401.900.000,- | 100 | 9,95 |
| Landstólpi | 9,0 | 545.483.507,- | 136 | 7,78 |
| Sveinbjörn Sigurðss. | 9,0 | 498.000.000,- | 124 | 8,30 |
| Landstólpi, frávik | | 520.483.507,- | | |

Í framhaldi opnunar verðtilboða ræddi stjórn HK lauslega tilboðsverð og var nokkur sátt um verðin. Farið var yfir fjárhag HK sem ekki er góður sem stendur. Greiðslur til HK hafa einungis borist frá Gusti, formsatriði tefja greiðslur frá Garðabæ og ólokið er afsali á Glaðheimasvæðinu.

Gangi áætlanir eftir er ljóst að fjármagn mun vera til fyrir byggingu 4000 m² reiðhalla ásamt byggingu reiðvalla og frágangi á Kjóavöllum.

Kostnaðarliðir: Vallargerð 80 m.kr. umsjón og eftirlit framkvæmda 15 m.kr. reiðhöll 410 m.kr. samtals u.þ.b. 505 m.kr.

Tekjuliðir: Frá Kópavogi við afsal Glaðheimasvæðis 140 m.kr. 1. jan 2013, 150 m.kr. 1. jan. 2014, 115 m.kr. frá Garðabæ 100 m.kr. frá Gusti 40 m.kr. samtals 545 m.kr. Þá er ótalið verðmæti í eignum frá Andvara.

Brýnt að ganga strax frá afsali á reiðskemmu að Hattarvöllum 2 frá Kjóavöllum ehf til Andvara og eignum Andvara til HK. Sama á við um afsal Glaðheimasvæðisins til Kópavogsbæjar. Afar brýnt að þessu verði lokið fyrir nk. mánaðarmót.

Guðni Eiríksson leggur til að rætt verði við tvo lögstjóðendur að reiðhöllinni og að samningum við þá verði lokið á næstu þrem til fjórum vikum.

Fundi lokið kl. 12:00

Fundarritun

Halldór H. Halldórsson